

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 16. janúar 2023
UST202301-054/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Reyðarfirði, geymir nr. 5, T0149

Umhverfisstofnun barst þann 3. janúar 2023, þykktar- og segulsviðsmælingar á olúgeymi Olíudreifingar ehf., Reyðarfirði. Geymirinn er merktur nr. 5, hefur fastanúmerið T0149 og eigendanúmerið 730.05.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila við Óseyri, Reyðarfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1950.

Þykktarmælingar framkvæmdu Andre Sandö og Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., Kópavogi, þann 9. nóvember 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymirinn sé ómálaður að innan. Hann er í góðu ásigkomulagi að innanverðu að undanskildum pytti við kverk. Var það lagað af viðgerðarteymi frá Olíudreifingu.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur